

# Sögur kvenna úr réttarvörslukerfinu

Orð eru til alls fyrst – hlustum, ræðum, breytum!

**#þögnin rofin #metoo #höfumhátt**

1. Var tiltölulega nýútskrifuð úr lagadeild og var að stíga mín fyrst skref í málflutningi sem sækjandi í opinberum málum. Var komin 5-6 mánuði á leið og það var aðeins farið að sjá á mér. Þegar ég hafði lokið málflutningsræðu tók verjandi, miðaldra karl, til máls og sagði glottandi í upphafi sinnar ræðu. "Ég vek athygli réttarins á því að ákærvaldið er ófrískt." Þar með var athygli sakbornings, dómars og allra viðstaddra á maganum á mér í miðju réttarhaldi. Þetta var óþægilegt og auðvitað gert til að slá mig út af laginu. Ég lét sem ekkert væri og hélt bara áfram. Núna öllum þessum árum síðar man ég í smáatriðum hvernig ég var klædd í þessu réttarhaldi en ég man ekkert slíkt úr öðrum málflutningum. Þetta var fjandi óþægileg aðstaða sem ég var sett í - eingöngu á grundvelli kynferðis.
2. Einn úr hópi okkar lögfræðinga heilsaði mér - og örugglega fleiri konum "Hvernig ertu í henni?" Ég var orðin svo samdauna þessu að ég áttaði mig eiginlega ekki á því fyrr en kollegi minn (kona) varð vitni að þessu og átti ekki orð. Þá fyrst sá ég þetta í réttu ljósi, þ.e. hve óviðeigandi þetta væri. Ég var svo vön þessu. En, ég varð alltaf vandræðaleg. Reyndi að "djóka mig" í gegnum það fyrst en svo lét ég eins og ég heyrði þetta ekki.
3. Eitt atvik sem ég man alltaf ljóslifandi úr lagadeildinni, en þá sátu nokkrir skólafélagar okkar (allir kk) fyrir utan lesstofuna og voru að rökræða einhvern dóm eða eitthvað. Ég fer að blanda mér í umræðuna og eftir einhverja stund legg eitthvað til málanna sem strákunum þótti erfitt að svara svo viðbrögðin voru orðrétt; "Æji, þarft þú ekki bara að fara heim að elda eða eitthvað?"
4. Eitt atvik situr í mér úr tíma í réttarfari í lagadeildinni þegar tiltekinn nafntogaður lögmaður sem nú situr á þingi var fenginn til að fabúlera við okkur um lögmannsstarfið og hafði frammi mörg niðrandi orð um "þessar vælandi kjellingar í Stígamótum" og fleira sem tengdist "veseninu" varðandi öll þessi kynferðisbrot. Þegar hann mætti gagnrýni þá fékk ég t.d. þá gusu yfir mig að það væri "augljóst hvaða klúbbi ég tilheyrði" og svo uppskar hann hlátur óharðnaðra samnemenda minna, fyrst og fremst kk sem sáu ekki sólina fyrir þessum snjalla og "orðheppna" lögmanni.
5. Þessi sami lögmaður kom einmitt í tíma að deila reynslusögum og talaði m.a. um mansal, hvað það væri nú tilgangslaust femínistaröfl að vera að taka það eitthvað sérstaklega fyrir (um það leyti sem „fyrsta“ mansalsfórnarlambið var í fréttum). Það fauk svo í mig að ég tjáði mig eitthvað, bara til að það kæmi fram eitthvað um mansal, annað en þessi fullkomlega illa upplýsta skoðun frá honum.

6. Ég sat við hliðina á yfirmanni mínum í hádegismat, á vinnustað þar sem ég var að sækja um "starfið mitt" á, þ.e.a.s. um áframhald. Yfirmaðurinn hafði alltaf verið tiltölulega óviðeigandi við mig og aðrar konur, bæði á þessum vinnustað og ég hafði heyrt sögur frá hans fyrri vinnustöðum. Hann hafði margoft tjáð mér hvað honum þætti ég myndarleg, opnað fyrir mér hurðir á smeðjulegan hátt og sagt óviðeigandi brandara. Það sem tók steininn úr var þegar hann, í þessum hádegismat, strauk mér yfir bakið með þvalri hendi og spurði hvort ég væri ekki örugglega búin að sækja um. Þetta sagði hann og gerði fyrir allra augum og ég skammaðist mín einhverra hluta vegna ofan í tær. Mér fannst hann vera að ýja að því að ég væri einhvernvegin hans viðfang, og að starfsframi minn væri undir því kominn hvort ég leyfði honum að káfa á mér eða ekki. Ég náði að stama upp að jú, vissulega væri ég búin að því en hef svo margoft farið í gegnum þessa senu í huganum og langað að svara á svona 100 aðra vegu.

7. Sem starfsmaður lögreglunnar hef ég setið í kaffitíma á meðan karl vísaði ítrekað til kvenna í hvorugkyni. Að hans sögn þurfti að „passa þetta“, „þetta gat ekki unnið“ og „þetta voru gagnslausir lögreglumenn“ og þar fram eftir götunum. Sama hvað ég leiðrétti hann oft. Einnig var okkur tilkynnt sem heild að við værum síður greindar en karlar, reglulega með kaffinu. Auk þess að vera nokkrum sinnum strokið um bakið og axlirnar af mönnum sem ég þekki lítið sem ekkert til.

Í lagadeildinni hef ég ekki verið áreitt en það hefur verið litið fram hjá mér, ekki tekið undir svörin mín fyrr en strákur sagði það sama og spurningunum mínum vísað frá sem kennarinn ræddi svo við kennaraborðið með strákunum eftir tímann. Vart er þarft að nefna að þegar svo bar undir var það ekki í kennslustund hjá konu.

8. Tvítug byrjaði ég í lögreglunni og hef starfað þar í tæp 40 ár. Að hugsa til baka og það sem maður lét yfir sig ganga án þess að þora að mótmæla er varla rithæft.

Kynferðisleg áreitni var „daglegt brauð“ og bjó maður sig undir það, eins og hægt var, áður en mætt var á vaktina.

Verst var þegar maður var skráður ein í lögreglubíl með einhverjum sem ítrekað reyndi að kyssa mann þrátt fyrir mótmæli.

Ég man að ég óskaði eftir því að vera ekki skráð með ákveðnum tæplega miðaldra manni þar sem hann gekk mjög langt og fékk ég að heyra að konum væri ekki treystandi í lögreglu. Því var snúið þannig við að ég sem lögreglukona treysti mér ekki að fara í útköll, það var ekki hlustað á mig þegar ég sagði hvað hafði gerst.

Kynferðisleg áreitni var ekki talin stórmál og mætti ég búast við slíku þar sem ég kaus að vera innan um alla þessa karlmenn.

Er afar þakklát umræðunni í dag.

9. Löggan er eini staðurinn þar sem ég varð ítrekað fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað... en lét sem ekkert væri, sló öllu upp í grín og svaraði reyndar stundum fyrir mig með því að rífa kjaft!

10. Þegar maður lítur yfir farinn veg sér maður hve marg marg oft maður hefur reynt að bjarga sér út úr óviðurkvæmilegum aðstæðum með því að taka kynferðislegum athugasemdum eða snertingum og snúa þeim upp í grín. Þetta er sjálfsbjargarviðleitni en ekki samþykki, þó þeir sem hafa hegðað sér svona hafi örugglega litið þannig á.

11. Þegar ég var í laganámi fórum við í vísindaferð til Sýslumanns á landsbyggðinni. Áhugaverð ferð. Það var kennari með í för.

Að lokinni vísindaferðinni var haldið á bar í borginni, kennarinn fór með. Ég fór snemma heim en frétti af því strax eftir helgina að skólasystir mín hafði verið áreitt illilega af kennaranum. M.a. fór hann með hendurnar inn á hana með aggressífum hætti. Á barnum, fyrir framan aðra nemendur.

Hún var mjög slegin þegar hún sagði mér frá þessu. Svo slegin að hún gat ekki mætt í skólann, enda átti hún að sitja undir fræðslu þessa kennara um lögfræðileg álitaefni. Hún fór heim.

... Hún snéri aldrei til baka.

Ég og fleiri samnemendur fórum fleiri ferðir til skrifstofustjóra deildarinnar og reyndum að fá fram réttlæti fyrir skólasystur okkar en allt kom fyrir ekki. Þeirra afstaða: Orð á móti orði getur aldrei leitt til refsingar fyrir kennarann ...

Ég verð enn reið þegar ég sé nafni kennarans bregða fyrir einhvers staðar og veit ekki hvort ég gæti haldið "kúlinu" ef ég mætti honum á förnum vegi. Það hefur aldrei reynt á það.

... kannski sem betur fer ...

12. Þegar ég var laganemi bauðst mér einu sinni góð einkunn í valnámskeiði af kennara sem var einnig starfandi í einkageiranum. Árangurinn myndi nást með "einkatímum". Þáði ekki boðið og tók ekki námskeiðið svo það reyndi aldrei á hvort að það væri alvara á bak við tilboðið þó það hafi síðar verið ítrekað. Hef oft velt fyrir mér hvort ég hafi verið sú eina.

13. Ég, eins og því miður allt of stór hluti kvenna, á því miður of margar sögur að segja. Deili þó einni þar sem ég var ein þriggja verjenda í máli er fór í ráðgefandi álit alþjóðlegs dómstóls og ég var eina konan í teyminu. Við verjendurnir unnum eðlilega nokkuð saman og tók ég meðal annars að mér hluta verkefnisins sem var á mínu sérsviði. Það kom skýrt fram á tímaskýrslum. Einn verjendanna ákvað að fara ekki til Lux í málflytninginn. Er dómur féll ákvað dómariinn málsvarnarlaun og kostnað verjendanna. Einn verjandinn fékk 1.700.000, ég 1.200.000 og verjandinn sem ekki fór út 1.100.000. Ég fór fram á skýringu á mismunandi þóknun til okkar hjá dómranum og hún var eins einföld og frekast var. „Nú, þú ert kona“.

14. Ég vann í einu ráðuneytanna fyrir nokkrum árum og eitt sinn var ég að vinna við erindi frá undirstofnun ráðuneytisins og þurfti að leita aðstoðar þáverandi skrifstofustjóra

rekstrarskrifstofu ráðuneytisins. Hann gaf nú ekki mikið út á þetta erindi og sagði: „Hva, skrifaðu bara eitthvað einfalt svar, þú ert nú ljóshærð, þú ættir að geta skrifað ljóskusvar“.

15. "Ég get ekki bara sent einhverjar litlar stelpur til að dila við þá"... Kk skrifstofustjóri um samskipti við forstöðumenn nokkurra ríkisstofnana. "Litlu stelpurnar" voru tveir lögfræðingar með 4 og 6 ára starfsreynslu í ráðuneytinu.

16. Skammast mín fyrir lögbundna skylduaðild mína að LMFÍ því þar með er ég neydd til að vera í sama félagi og ákv. karllögmaður sem kemur við sögu í frétt Stundarinnar 26. október 2015, DV 18. febrúar 2016 og Vísis 27. september 2014. „Lögmanni ber að efla rétt og hrinda órétti. Hann skal gæta heiðurs lögmanna stéttarinnar, jafnt í lögmannsstörfum sínum sem öðrum athöfnum.“ Af hverju halda svona kónar lögmanna réttindum? Treystir LMFÍ þeim til að efla rétt og hrinda órétti og gæta réttinda minnimáttar? Greinilega, þessi er a.m.k. enn með réttindi.

17. Þegar ég var laganemi fékk ég vinnu á lögmanna stofu í Reykjavík. Þar viðgekkst ótrúleg kvenfyrirlitning og áreiti af hálfu kk eigenda stofunnar gagnvart kvk laganemum og fulltrúum. Einu sinni vorum við tvær, önnur stúlka sem einnig var laganemi, á kaffistofunni þegar tveir eigendur (10 og 30 árum eldri en við) vinda sér upp að okkur og gefa sig á tal við okkur. Þeir standa þannig að þeir varna okkur útgöngu úr eldhúsinu - þeir höfðu nefnilega mikinn áhuga á að vita hvaða kk á stofunni við myndum helst vilja ríða ef við gætum valið.

Annar eigandi bað mig alltaf að vera í samskiptum við ákveðinn kúnna stofunnar. Þegar ég náði árangri sagði hann alltaf að það væri vegna þess að ég væri svo sæt. Hann bað mig einnig oft að erindast fyrir sig og mæta á fundi og annað slíkt vegna þess að ég væri svo sæt. Annar laganemi hafði á yngri árum tekið þátt í fegurðarsamkeppni. Það var alltaf bara talað um hana og við hana sem "drottningin".

18. Í boðum hjá ríkisstofnun áreitti skrifstofustjóri (lögfræðingur) mig ítrekað. Eitt sinn króaði hann mig af úti í horni og greip hann í klofið á mér. Í annað sinn sagði hann yfir hóp að ég væri annað hvort kynköld eða lesbísk (af því ég vildi hann ekki). Ekki það að honum eða öðrum kemur ekki við hvort ég er kynköld, lesbísk eða annað. En ungri konu fannst þetta vont, mjög vont.

19. Af svo mörgu að taka ... eigum við að minnst á háttsetta lögfræðinginn sem talaði kerfisbundið um konur sem "tæfur"?

Á lögfræðiráðstefnuna þar sem skipuleggjandinn var svo líkamlega ágengur að aðrir fyrirlesarar breyttu sætaskipan þannig að ég væri skermuð frá honum? Um kvöldið voru svo kommentin frá viðkomandi þannig og umræðan yfirleitt að ég ákvað að fara úr ráðstefnudinnernum (þar sem ég var eina konan). Skipuleggjandinn elti. Ég var að færast úr vanlíðan yfir í að verða logandi hrædd þegar dyravörður á veitingastaðnum steig inn í og lofaði að halda honum inni í 10 mín. svo ég gæti komið mér (ímyndið ykkur samtalið : « ég er lögfræðingur, þú getur ekkert haldið mér... » ).

Eða seminarið þar sem ég var eina konan og tveir ungir háskólamenn endurtóku allt sem ég sagði og töldu það góðar hugmyndir frá karlmönnum sitt hvorum megin við mig. Reynd kempa (kk) í norrænni lögfræði leiðrétti þá hins vegar nokkrum sinnum og endaði á að spyrja af hverju þeir rétt « feðruðu » allar hugmyndir nema þær sem kæmu frá konunni á staðnum... Þetta var ekki ómeðvitaðra en svo að þá snarhætti þetta! Ég var orðin svo samdauna að ég gnísti tönnum en leiðrétti ekki. Ég geri það hins vegar síðan.

20. Ung kona, hæfileikarík og metnaðarfull, nýútskrifuð úr laganámi, ræður sig til starfa hjá stórrí lögmannsstofu í Reykjavík. Starfsmaður á stofunni áreitir hana ítrekað kynferðislega og gengur mjög langt í þeim efnum. Hún reyndi að höndla, vera töff og vera ein af strákunum fyrst um sinn, en alltaf gekk þetta lengra og lengra. Ég fékk sjálf sjökk þegar þessi maður stakk tungunni upp í eyrað á henni og greip í brjóstin á henni fyrir framan mig, allt samt svona "djók". Hún fékk loksins nóg þegar hann skellti henni á skrifborðið hjá sér og ætlaðist til þess að hún svæfi hjá sér. Hennar viðbrögð fyrir utan sjokkið var að tala við sinn yfirmann sem var kona og greina frá áreitninni. Nokkru seinna var hún kölluð inn á fund nokkurra eigenda þar sem henni var sagt upp störfum. En ekki leið á löngu þar til svipaðar sögur heyrðust af sama manni og öðrum starfsmönnum af stofunni. Það sem var hvað sárast í þessu öllu var að karlmenn úr stéttinni, menn sem við höfðum talið vini okkar, gerðu lítið úr henni, sögðu hana athyglissjúka og ljúga og því miður voru það ekki bara menn því þó nokkrar konur sögðu það sama þrátt fyrir að þessi maður væri þekktur fyrir svona háttsemi.

Það fór að halla mjög undan fæti hjá konunni fljótlega eftir þetta og hún byrjar í óreglu og berst við kvíða og þunglyndi. Konan lést ung að aldri og það er sláandi að lesa eftirfarandi úr minningargrein um hana:

*„Kannski lagðir þú of mikið á þig, því að loknu lögfræðináminu fór að halla undan fæti og því fór sem fór.“*

21. "Já, ertu að vinna á svona kvennalögmannsstofu" - held ég hafi verið spurð að þessu svona milljón sinnum. Efast um að allir þeir karlar sem starfa á stofum sem eingöngu innihalda karlkyns lögmennt fá nokkru sinni þessa spurningu.
22. Mér finnst eiginlega sorglegast hvað maður er búinn að reyna að aðlagast þessu í langan tíma og um leið verða hálf dofin yfir virðingarleysinu og hrokanum. Þannig að þetta er ekki síst til að vekja konur og efla. Mjög frískandi að upplifa kraftinn sem gengur um alla kvenveröld.

23. Á fundi í dag í vinnunni.

Samstarfskona við mig: "töff jakki".

Miðaldra samstarfsmaður: "Já ég má víst ekki segja að þú sért fín, það er víst kynferðisleg áreitni". Ungur samstarfsmaður: "Já nákvæmlega, þetta er gengið allt of langt - \*hnussar\*".

Ég er nú yfirleitt með munninn fyrir neðan nefið en ég var svo kjaftstopp þarna að ég fattaði ekki einu sinni að benda á að það væri eitthvað mikið að ef fólk sæi ekki muninn á hrósi og kynferðislegri áreitni.

24. Ég var í aðalmeðferð í stóru sakamáli sem skipaður réttargæslumaður. Á meðan við biðum eftir að dómarrar létu sjá sig fór karlverjandinn mikinn um tilgangsleysi réttargæslumannsins. Karlsaksóknarinn hafði gaman af þessu sem og ákærði sem einnig sat við hlið verjandans. Var umræðuefnið hversu léttvægt hlutverk réttargæslumannsins væri, hversu lítið hann þyrfti að vera á staðnum og að viðkomandi hefði átt að taka með sér tölvuna til að geta lagt kapal á meðan beðið væri eftir málflutningnum, ef málflutning skyldi kalla í svona smávægilegu erindi réttargæslumannsins. Sama hvað ég reyndi að benda karlverjandanum á að það væri augljóslega ekki sama hver sinnti þessu hlutverki því ég kannaðist ekki við svona tilgangsleysi réttargæslumannsins, þá gerði hann sig endalaust breiðari á kostnað mín í salnum án þess að saksóknaranum þætti ástæða til að koma mér til varnar.

25. Starfandi kk lögmaður sem kennari í refsirétti: „Við sleppum að fjalla um hlutverk réttargæslumanns, enda óþarft hlutverk og kellingastar“.

26. Þegar við mættum fjórar úr lagadeildinni til starfa í lögreglunni sumarið x. Man þegar ég mætti á fyrstu vaktina og samstarfsmaður sagði elsकुlega að ég liti út eins og flugfreyja í búningnum. Man þegar ég valdi ekki að taka slaginn við varðstjórnann sem fól mér að standa eina vakt í kaffistofu lögreglumanna og uppvarta samstarfsmenn mína í forföllum konunnar sem starfaði í eldhúsinu. Þeir tóku bakföll af hlátri karlbekkjárfélagar mínir úr lagadeildinni sem voru með mér á vaktinni. Þeir nutu þess að biðja mig um kaffi. Man eftir sumarlögreglumanninum sem var alltaf að spyrja hvort ég væri kynköld af því ég hafði ekki áhuga á honum. Hann var í sálfræðinámi og fræddi mig á því að rannsóknir hefðu sýnt að karlar sem ná langt væru alltaf með mörgum konum. Þetta er auðvitað rétt hjá honum og er að koma á daginn um allan heim. Þetta var auðvitað líka réttlætning fyrir hann þar sem hann bjó sjálfur með konu og barni. Man eftir eldri lögreglumanni sem vildi endilega bjóða mér á árshátíð frímúrara. Man vaktafélaga sem neituðu, og komust upp með það, að vera einir í bíl með konu af ótta ef til átaka kæmi. Man líka lögreglumenn sem sýndu okkur lögreglukonum sömu virðingu og öðrum. Menn sem voru líka mjög flínkir í erfiðum aðstæðum á vettvangi. Menn sem aldrei fuku upp og fóru aldrei offari.

27. Með því að tala um þetta saman, konur og karlar, þá mun eitthvað breytast vona ég. Að við verðum öll meðvitaðri um að kynbundið ofbeldi er bannað! Að kynbundin áreitni og smættun, t.d. á fundum eða á kaffistofum er ekki í boði. Að þegar við verðum vör við þetta þá bregðumst við við því en sitjum ekki hjá. Þegar ég varð síðast

vör við slíka hegðun á fundi þá gerði ég ekkert og skammast mín enn fyrir að hafa bara talað við þolandann eftir fundinn en ekki stoppað atvik þegar það gekk á fyrir framan fullan sal af fólki. Maður á ekki von á þessu og bregst því síður við en þegar maður hefur undirbúið viðbragð í undirmeðvitundinni, öll sem eitt, er líklegra að við sitjum ekki hjá heldur bregðumst til varnar.

28. Ég starfaði sem fangavörður í fangelsi eitt sumar með laganáminu. Samstarfsmennirnir voru 95% karlmenn og fangarnir 100% karlmenn. Þegar ég kom fyrst gerðu fangarnir að sjálfsögðu tilraun til að sjá hvað þeir kæmust langt með þessa ungu konu, sem reyndist ekki vera millimeter, og eftir það ríkti almennt gagnkvæm virðing og traust í okkar samskiptum. Ég varð aldrei fyrir beinu áreiti af hálfu fanga - öðru en að sumir sáu sig knúna til að spyrja hvort ég ætti kærasta og bjóða mér í heimsókn eftir innlokun (sem ég að sjálfsögðu svaraði ekki).

Ég elskaði þetta starf og þótti mjög áhugavert og skemmtilegt að eiga samskipti bæði við fanga sem og við fangaverði. Ég átti marga vini þarna og þar á meðal var varðstjóri sem var ca. 20 árum eldri en ég. Eitt kvöldið fórum við saman í lyfjagjöf, s.s. rölt um alla gangana að gefa kvöldlyfin. Þegar við erum að koma inn í klefa eins fangans finn ég að varðstjórinn klípur í rassinn á mér. Ég sneri mér við, því ég ætlaði ekki að trúa því að þessi maður, sem ég taldi ágætis vin og kunningja, hafi gert þetta og það innan um ca. 10 fanga. En jú þarna stóð hann glottandi. Mér brá þannig að ég sagði við hann: "Hvað í andskotanum heldurðu að þú sért að gera? Þetta gerir þú aldrei aftur!" Svo héldum við áfram að gefa lyfin.

Ég tilkynnti þetta aldrei til forstöðumanns fangelsisins. Ég veit ekki hver ástæðan var. Annað hvort sú að mér fannst ég geta dilað við þetta sjálf - sem er að sjálfsögðu ekki það sem maður á að gera. Eða það að stuttu áður en ég hóf þarna störf hafði kvenkyns fangavörður kært samstarfsmann sinn fyrir kynferðislega áreitni og hún var skulum við segja ekki hátt skrifuð hjá starfsmannahópnum eftir það.

29. Ég man þegar ég mætti á vakt í setustofu lögreglumanna í Reykjavík eitt hvert sumarið 1987-1989. Í setustofunni var sími í glæru plastboxi sem hægt var að ná í okkur eða skilja eftir skilaboð. Þennan dag hékk miði við símann þar sem búið var að teikna útglennta nakta konu. Á miðann var skrifað til nafngreinds lögreglumanns á vaktinni að nafngreind lögreglukona hefði hringt í hann.

30. Ég hef unnið á tveimur vinnustöðum frá útskrift fyrir næstum aldarfjórðungi. Ég hef almennt verið heppin að vinna með góðu fólki, konum og körlum, sem vill hvert öðru vel þótt vissulega sé hitt líka til. Ég hef bæði gegnt störfum undir stjórn annarra og verið stjórnandi sjálf. Ég get ekki sagt að ég hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni með sama hætti og margar konur hafa lýst undanfarna daga, bæði í þessum hópi og öðrum. Ég er satt að segja orðlaus yfir því að konur verði fyrir áreiti af þessu tagi í tengslum við störf sín og hve blygðunarlaust og óskammfeilið það er, samkvæmt lýsingunum, af hálfu gerenda. Mig tekur það sárt að heyra af þessu. Ég kannast hins vegar mætavel við virðingarleysi gagnvart mér af hálfu hins kynsins í starfi; að talað sé niður til mín, t.d. út frá aldri, látið sem ég sé ekki á staðnum, athugasemdir um útlit hafa fallið og jafnvel óviðeigandi "tilboð" um eitthvað sem ég kærði mig ekkert um.

Þó ég hafi ekki beint dvalið mikið við þessi atvik, sem kannski segir eitthvað um hversu viðtekinn og samþykktur þessi kúltúr er í samfélaginu og af okkur sjálfum líka, hafa þau rifjast upp fyrir mér undanfarið og eru því greinilega ekki alveg gleymd. Hér eru nokkur dæmi:

Nokkur ár eru liðin frá útskrift og ég er á fundi með lögmanni sem átti þá að baki áratugi í lögmenntu. Við erum að ræða mál þar sem reynir á lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ég geri grein fyrir mínu áliti á lögnum og túlkun á þeim og þegar ég er búin að því segir lögmaðurinn við mig að það sé ekki von að ég sé með túlkun þeirra á hreinu, því ég sé of ung til að þekkja gömlu starfsmannalögin og skilji þess vegna ekki samhengi nýju laganna við þau gömlu. – Eins og ég sé alveg ófær um að kynna mér þau. Naga mig enn í handarbökin fyrir að hafa ekki svarað manningnum, en svona var virðing mín fyrir aldurs- og reynslumun okkar tveggja þá – sem sennilega staðfesti fyrir lögmanninum að það væri allt í lagi að setja hlutina svona fram.

Ég starfaði í nokkur ár erlendis á vegum vinnuveitanda míns. Frábær reynsla og mjög áhugavert starf, kynntist mikið af góðu fólki frá ýmsum heimshornum og held sambandi við suma enn þann dag í dag. Meðal erlendra kollega minna var maður sem ég spjallaði oft við þegar við hittumst. Eitt sinn hafði hann samband við mig og bað mig að hitta sig í kaffi, sem var bara sjálfsagt af minni hálfu enda alvanalegt að hitta kollegana í kaffi eða hádegismat og ræða vinnutengd mál – það var bara partur af starfinu. Alla vega, ég hitti hann á kaffihúsi og erindi hans var aldeilis ekki vinnutengt, hann vildi taka upp kynferðislegt samband við mig. Og orðaði þetta bara sisona, eins og hann væri að tala um veðrið. Mér krossbrá, var mjög misboðið og fann fyrir skömminni. Hvers vegna ég skammaðist mín veit ég ekki. Ég brást þó snögg við, sagði honum að þetta kæmi ekki til greina og benti honum á að ég væri í hjónabandi sem hann vissi reyndar. Honum þótti það ekki skipta máli, það væri allt í lagi hans vegna. Ég sleit fundi okkar og gekk á braut í leiðslu, spurði sjálfa mig hvort þetta hefði raunverulega gerst. Það er rúmur áratugur síðan þetta gerðist og ég hef aldrei sagt frá þessu fyrr en nú.

Fyrsta starf mitt eftir útskrift var starf fulltrúa sýslumanns úti á landi. Yndislegur vinnustaður með góðu samstarfsfólki. Ég starfaði þar í 4 ár og þegar starfslok mín nálguðust stóð þannig á að sýslumaðurinn lét einnig af störfum nokkrum mánuðum á undan mér. Ég var því settur sýslumaður í stuttan tíma þar til næsti tók við. Af því tilefni þótti bæjarblaðinu á staðnum tilefni til að taka við mig viðtal. Það kom til mín blaðamaður á skrifstofuna og tók hann langt viðtal við mig. Ég fékk svo viðtalið sent til að lesa yfir áður en það yrði birt. Fyrsta málsgreinin var 10-12 línur og hún snérist að mestu leyti um útlit mitt. Það fauk í mig, ég krassaði hressilega yfir málsgreinina og skrifaði stórum stöfum á spássíuna: „ÞETTA FER ÚT“. Blaðamaðurinn hlýddi. Velti því fyrir mér hvort karlmaður hefði fengið sams konar umfjöllun um útlit sitt hefði hann verið settur sýslumaður. Efast um það.

Hef líka oft upplifað ýmsa vanvirðandi framkomu, í orðum og gjörðum. Átti einu sinni fund með forstöðumanni ríkisstofnunar. Þegar ég hafði svarað spurningu hans um gildandi reglur um auglýsingar á lausum störfum hjá ríkinu, horfði hann á mig um stund og sagði svo: „Þú ert bara algjör eintrýningur“. Það var auðsæilegt að honum hafði ekki líkað svarið sem ég gaf honum um auglýsingar starfa og þetta var svar hans við því – ekkert málefnalegt, engar röksemdir, ekkert uppbyggilegt. Kollegi minn, sem var með okkur á fundinum, sagði mér síðar að forstöðumaðurinn hefði séð eftir orðum sínum. Hann sagði það hins vegar aldrei við mig og það er það sem ég man. – Svipaða aðferð viðhafði annar forstöðumaður fyrir mörgum árum, þegar hann gaf mér



„hárbílasarann“ vegna frumvarps sem ég var að skrifa og honum líkaði ekki. Hann ku hafa skammast sín og sagði það við undirmann sinn sem sagði það tveimur samstarfsskonum mínum sem komu og sögðu mér frá því. Hann sagði mér það aldrei í eigin persónu. Sömuleiðis geymt en ekki gleymt. – Nýlega hitti ég háttsettan starfsmann alþjóðastofnunar sem var í heimsókn hér á landi, hann fundaði með mér og fleirum á vinnustaðnum mínum. Þegar fundinum lauk og hann kvaddi þá sem hann hafði fundað með, ætlaði hann að ganga framhjá mér án þess að kveðja mig. Ég þurfti að stíga skref til hans og ávarpa hann til að „bjarga“ honum frá eigin „faux pas“. Ég bjóst við öðru af manni í hans stöðu. – Mér virðist sem vanvirðandi framkomu sé jafnt beitt óháð stöðu þess sem fyrir henni verður; þótt kona nái árangri og fái framgang á sínum starfsferli, þá er þessi kúltúr alltaf til staðar. Endurspeglar sennilega að karlar upplifa framgang kvenna sem ógnun við sína stöðu. Svo er það tilvikið þegar ég sprakk og svaraði hátt! Gerðist fyrir mjög mörgum árum. Vegna verkefnis í vinnunni fékk ég alloft símtal frá manni sem kallaði mig í sífellu „elskuna“ og „vinuna“. Ég þekkti manninn ekkert, hafði aldrei séð hann eða talað við hann nema í gegnum síma. Þegar ég var búin að hlusta á þetta þvaður í nokkur skipti, fékk ég nóg og urraði á hann að ég væri „hvorki elskan hans né vinan, hann skyldi ávarpa mig með nafninu mínu hér eftir“. Það reyndi raunar aldrei á það, hann varð mjög hvumsa og hringdi ekki aftur.

31. Ég vann hjá ríkisstofnun með laganáminu, byrjaði á öðru ári, vann sumarið milli bekkja, með þriðja ári og sumarið eftir þriðja ár. Það sumar hóf störf á sama stað bekkjarbróðir minn í lagadeildinni. Hann hafði ekki unnið nein lögfræðitengd störf áður. Þegar kom að fyrstu útborgun erum við eitthvað að fiflast með hvað launin (kúrsuslaun) séu lág. Ég segi "já, maður verður að passa sig að eyða ekki öllum 62 þúsund kallinum í einhverja vitleysu". Þá hváir hann og segir mér að hann hafi fengið 85 þúsund. Ég fór strax til starfsmannastjórans sem fer að tala um reynslu hans af lögfræðistörfum. Þegar ég hrakti það þá talaði hann um einkunnir. Þegar ég hrakti það sagði hann að viðkomandi hefði fyrir fjölskyldu að sjá. Þegar ég benti honum á að viðkomandi byggi hjá foreldrum sínum en ég og maðurinn minn hefðum verið að kaupa okkur íbúð, þá féllst hann á, með semingi, að hækka mig upp í hans laun. Það var ekki sjens að ég fengi hærra þrátt fyrir reynslu, hærri einkunnir eða annað.
32. Ég starfaði sem fulltrúi hjá Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Ég var búin að vera á vinnustaðnum í ca. 2-3 vikur og var rétt að kynnast starfsfólkinu, verkefnum og vinnustaðnum. Aðstoðarlögreglustjóri, sem þá var einnig yfirmaður ákærusviðs bað mig að taka mál tiltekins brotamanns, útbúa ákæru og koma því í birtingu og í dóm. Þá greindi hann mér frá því að gögnin um þennan tilekna brotamann væru á skrifstofu hans og þangað ætti ég að sækja þau. Ég gerði nákvæmlega það. Fer upp á skrifstofu hans og sé þar kassa með gögnum, mál brotamannsins var í kassanum ásamt gögnum um aðra brotamenn og ætlaða refsiverða verknaði. Að sjálfsgöngu tók ég mál þess aðila sem mér var falið að ákæra og skyldi hitt eftir enda ekki mitt hlutverk að taka fram fyrir hendurnar á aðstoðarlögreglustjóra og yfirmanni ákærusviðs og gefa út ákæru hægri vinstri á hina og þessa. Daginn eftir kemur einstaklingur sem þá var titlaður einhverskonar verkefnastjóri á ákærusviði inn á skrifstofuna mína þar sem ég var djúpt sokkin í Afbrot og refsíabyrð II eftir Jónatan Þórmundsson. Hann fleygði kassanum á borðið og öskraði á mig hvað í andskotnum

væri í gangi og öskraði og gargaði á mig eins og göltur á leið í geldingu, rauður af reiði. Hann jós yfir mig ógeðinu, hvað í andskotanum ég væri að gera og af hverju ég væri ekki búin að afgreiða málin sem voru í þessum kassa. Yfirlesturinn tók um 10-15 mínútur og ég sat í stólnum eins og illa gerður hlutur og spennan og gleðin yfir nýja starfinu mínu á sviði refsiréttar hjaðnaði með hverri þeirri mínútu sem maðurinn öskraði á mig og jós yfir mig svívirðingunum ... Ég ákvað að leita til aðstoðarlögreglustjóra, þessa ágæta manns sem þá var einnig titlaður yfirmaður ákærusviðs, með von um að tekið yrði á málinu, maðurinn fengi áminningu eða hið minnsta tiltal fyrir hegðun sína ... en NEI, í lok samtals míns við hinn ágæta aðstoðarlögreglustjóra, spurði hann mig hvort ekki væri nú bara best að ég myndi flytja mig á hina starfsstöð ákærusviðsins! Þannig var málið afgreitt, ég var tekin úr aðstæðunum en maðurinn látinn óáreittur og eftir því sem ég best veit, er hann enn í dag óáreittur og hefur meira að segja fengið nokkurn framgang á sviði refsivörslunnar. Daginn eftir, sem var laugardagur, fór maðurinn minn með mér á starfsstöðina mína, hjálpaði mér að pakka niður dótinu mínu og á mánudag mætti ég á starfsstöðina sem mér var gert að fara á. Nokkrum dögum síðar var hringt í mig og ég spurð hvort ég væri tilbúin að stýra starfi vistheimilaneftndar um könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Ég þyrfti þá að fá leyfi frá lögreglustjóra á meðan verkefnið væri í gangi. Ég hef aldrei á ævinni verið eins fegin, að komast út úr þessu. Ég hóf störf í forsætisráðuneytinu við könnun á starfsemi vistheimila og var þar í rúm sex ár. Eftir því sem ég best veit er ég enn skráð sem starfsmaður lögreglustjóra í leyfi, á líklega inni einhvern laun þar einnig en FOKK IT!!!

33. Mér sýnist íslenska dómskerfið sterkasta karlaveldið á Íslandi. Kerfisbundnir fordómar og vanvirðing við konur innan þess birtast með ýmsum hætti. Jafnréttislögin hafa svo árum skiptir verið virt að vettugi en höfuðpaurar dómsvaldsins komast upp með það vegna þess að lögbundinn rammi um dómsvaldið er lokuð geðþóttaregla þar sem stjórnendur geta komist upp með misbeitingu valds þar sem grundvallarreglur stjórnsýsluréttar eru virtar að vettugi án eftirlits og ábyrgðar. Við slíkar aðstæður er ekki óhætt að tala opinskátt, s.s. um það þegar dómstjóri gaf tveimur gjörólíkum kvendómurum, sameiginlega og samskonar yfirborðskennnda umsögn þegar þær sóttu um embætti hæstaréttardómara árið 2010. Þetta þótti sérstakt og var rætt í bakherbergjum í héraðsdómi Reykjavíkur árið 2010 en aldrei á neinum formlegum vettvangi. Það er eins og ein fyrrum samstarfskona (kvendómari) sagði við mig og aðra á svipuðum tíma þegar ég lagði til við hana og aðrar samstarfskonur að við skyldum reyna að byrja að ræða ýmis mál og það sem betur gæti farið á formlegum vettvangi í stað þess að eyða tíma í kvart í bakherbergjum. Við gætum t.d. byrjað að ræða þessi mál á dómarafundi á dómstólnum. Hún sá engan flöt á því. "Það er ekki sama hver segir það." Svo rétt hjá henni!

34. Ég var að mæta á fund hjá ríkisstofnun þar sem ég var að taka sæti í stjórn stofnunarinnar. Á fundinum var bæði fráfarandi stjórn og þeir sem voru að taka við. Á fundinum tek ég eftir því að fráfarandi stjórnarformaður horfði mjög óþægilega á mig allan tímann en talaði þó aldrei við mig. Á leiðinni heim af fundinum fæ ég svo sms frá manninum þar sem stendur "falleg" og ekkert meira. Skilaboðin verða svo fleiri í framhaldinu og þónokkuð grófari. Ég segi mínum næsta yfirmanni frá skilaboðunum og hann leggur til að við tölum við framkvæmdastjóra stofnunarinnar um hvernig við eigum að bregðast við þessu. Skilaboðin sem ég fékk til baka voru

þau að þetta væri nú ekki mjög alvarlegt og við vissum nú öll að ungar konur þyrftu nú að þola ýmislegt.

35. Ég man þegar dómstólaráð (yfirstjórn héraðsdómstólanna) gekk fram hjá mjög hæfum kvendómara með áratuga reynslu af dómstörfum þegar hún sótti um starf dómstjóra við Héraðsdóm Vesturlands. Ákvörðun dómstólaráðs var án faglegra raka og í andstöðu við jafnréttislögin. Samkvæmt fundargerð dómstólaráðs voru skiptar skoðanir innan ráðsins til umsókna hennar og karlsins, bæði héraðsdómarar í Reykjavík. Kvendómarinn hafði m.a. umfram karlinn áralanga reynslu sem dómstjóri við Héraðsdóm Vesturlands áður en hún varð dómari við við Héraðsdóm Reykjavíkur. Meiri hluti ráðsins (dómskarlarnir) taldi að dómskarlinn ætti „rétt á að skipta um starfsvettvang“ þar sem hann ætti lengri starfsaldur við Héraðsdóm Reykjavíkur en einn ráðsmanna (dómskona) taldi að velja ætti konuna út frá sjónarmiðum um jafnrétti. Ekki var minnst á hæfni samkvæmt bókun í fundargerð. Enda átti hann jú "rétt" á starfinu að mati karlkolleganna. Þeir töldu sig kannski líka eiga eitthvað undir karlumsækjendum sem sat í dómaravalnefndinni tilnefndur af dómstólaráði. Kurr var um þetta á bak við luktur dyr í dóminum en fór ekki lengra. Venja stendur til þess innan íslenska dómskerfisins að kvendómarar sleikja sárin í hljóði eða í besta falli í lokuðum hópi samstarfsvenna. Ekki fallið til vinsælda og áhrifa fyrir konur innan dómskerfisins að hafa hátt. Þær þurfa að velja sína slagi enda eiga þær framgang sinn undir dómskörlum.
36. Ég byrjaði að vinna á lítilli en virtri stofu strax að loknu námi. Í fyrsta starfsviðtalinu mínu þá sátu tveir kk eigendur á móti mér og lýstu því yfir hvað þeir væru svakalega ánægðir með störf mín. Þannig að ég fór að ræða launahækkun. Þá sagði annar þeirra: en þú þarft enga launahækkun, maðurinn þinn ( sem er xxxx menntaður) er með svo há laun!
37. Ég var með umbjóðanda sem var að standa í erfiðum skilnaði og forsjármáli. Fulltrúi sýslumanns var kk og skólabróðir minn úr laganámi. Þegar ég hitti þessa konu (þegar ég var búin að vinna í svólitinn tíma fyrir hana) fer hún að tala um hvaða starfi maðurinn minn gegnir og hálf partinn í gríni að segja að ég ætti nú bara að vera fín frú og hvað ég væri nú eiginlega að gera á vinnumarkaði og fleira í þeim dúr. Fyrst leiddi ég þetta hjá mér og svo spurði ég hana á endanum (þar sem þetta var orðið verulega óþægilegt) hvort hún þekkti manninn minn? Nei það gerði hún ekki en kk skólabróðir minn hjá Sýslumanni var búinn að segja henni allt um hvaða starfi maðurinn minn gegndi og hann talaði svona við mig líka þegar ég þurfti að hafa samskipti við hann ...
38. Ég man í Héraðsdómi Reykjavíkur þegar löglærðir kvenaðstoðarmenn leystu ítrekað af í afgreiðslu dómsins a.m.k. hér áður fyrr. Aldrei löglærðir karlaðstoðarmenn. “Ekki treyst til þess” heyrði ég eitt skiptið sem skýringu. Man líka karlaborðið í kaffistofunni. Man eitt skiptið í hádeginu þegar ég sat við það ásamt nokkrum dómskörlum og karldómari á besta aldri settist hjá okkur. Hann var í miklu uppnámi; pirraður og reiður. Nýkominn af fundi þar sem hann hafði haldið erindi ásamt konu sem fór svakalega í taugarnar á honum. Ætli hún hafi ekki verið ósammála honum. Hann

uppnefndi hana stjórn málafræðipíkuna! Ég spurði þá hvers vegna karlar uppnefndu iðulega konur með kynfæraheitum. Nokkur umræða fór fram og niðurstaða þeirra var að ástæðan væri sú að karlar væru alltaf að hugsa um kynlíf. Man ekki hvort það var á 2ja sekúndna eða mínútna fresti - skiptir heldur ekki höfuðmáli.

39. Ég man þegar ég og annar kvendómari buðum okkur fram ásamt fjórum sitjandi stjórnarmönnum í fimm manna stjórn Dómarafélags Íslands. Af þessum fjórum sitjandi voru tveir karldómstjórar og verðandi karldómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur. Að boði þeirra gerði dómariinn sem stýrði fundinum það að tillögu á fundinum að sitjandi stjórnarmenn skyldu klappaðir upp og kosið á milli mín og hins kvendómarans! Um skýrt brot á samþykktum félagsins var að ræða og meginreglum félagaréttar. Þar sem ég og þrír karldómarar andmæltum tillögum féllu sitjandi stjórnarmenn frá tillögu sinni og samþykktu að kosið yrði um þá líka. Þegar einn fundarmanna krafðist skriflegra kosninga þurfti að gera hlé til að sitjandi stjórnarmenn gætu skrifað nöfnin sín á kjörseðlana þar sem tilbúnu forprentuðu kjörseðlarnir voru bara með nöfnum okkar tveggja kvenframbjóðendanna, sem sátum ekki fyrir í stjórninni. Í hléinu heyrði ég samstarfskonu mína í Héraðsdómi Reykjavíkur segja við einn af stjórnarmönnum, karlkollega okkar í Reykjavík: "Ég var búin að segja þér að þetta gengi ekki!" Man líka þegar þegar ég sagði karllögmanni frá þessu skömmu seinna og hann svaraði um hæl: "Heldurðu að þeim hefði dottið þetta í hug ef þetta hefðu verið tveir karldómarar sem hefðu verið að bjóða sig fram?" Þá var ég ekki einu sinni sjálf búin að fatta þann flöt á farsanum.

40. Ég er einnig meðlimur í #metoo grúppum tónlistarkvenna og kvikmyndakvenna og er sá bransi afar harður og talsverð valdbeiting, óheilbrigð samkeppni og þöggun á sér þar stað.

Ég verð þó að viðurkenna að ein helsta kynjabundna vanvirðing sem ég finn í mínu starfi hefur orðið á sviði mínu sem lögfræðingur. Hvergi finnst mér vera meiri mansplaning, besservisseraháttur og kynjabundinn yfirgangur. Í deildinni og svo seinna í starfinu lærði maður að það eina til að komast áfram væri að svara í sömu mynt, og að reyna að vera jafnvel með enn meiri besservisseragang og yfirgang. If you can't beat them then join them ... Ekki misskilja mig, ég hef unnið með stórkostlegum karlmönnum sem allir hafa marga kosti að bera, en yfirleitt blundar niðri einhver vanvirðing og stutt er í yfirganginn.

Ég er orðin svo langþreytt á slíkum samskiptum að ég hef margoft íhugað að hverfa alveg af braut lögfræðinnar og snúa mér alfarið að kvikmyndum og tónlist, sem er afar írónsk, þar sem þessir tveir heimar ættu í raun að vera enn harðari!

Í ljósi #metoo byltingarinnar vona ég þó innilega að eitthvað breytist og að konur í réttarvörslukerfinu stígi loks fram. Ég fæ a.m.k. von í hjarta mér að ég geti aftur farið að starfa við námssvið mitt með hjarta og elju. Þó við séum kannski flestar orðnar afar samdauna ástandinu (a.m.k. hvað varðar kynjabundið ójafnrétti, hér er ég ekki að tala um kynferðislega áreitni) þá hljótum við að geta verið sammála um það að það geri alls ekkert betra að svara í sömu mynt, eða verða jafnvel enn harðari, slá viðkomandi utan undir o.s.frv. Best er bara að þessu ójafnrétti linni alfarið og að við getum öll farið að sinna starfi okkar og hugsjón af hjarta og heilindum og með virðingu fyrir skoðunum, reynslu, starfi og hjarta annarra.

Hér deili ég þremur sögum sem ég hef fundið fyrir í starfi mínu, en þær eru í raun óteljandi og þetta er bara það fyrsta sem kemur upp í huga mér:

Ég var á þriðja ári í laganáminu og hafði fengið mánaðar lærlingsstöðu í ráðuneytinu X. Síðar í mánuðinum hóf einnig karlmaður þar starfsnám, þá á 1. ári í lagadeildinni og því yngri en ég. Við vorum með skrifstofur beint á móti hvort öðru. Hann var hinn viðkunnanlegasti, en hafði ekki mikla þekkingu á lögfræði, enda einungis á 1. ári. Flest verkefni enduðu því hjá mér og ég reyndi að klára þau eftir bestu getu og tók aldrei sérstakan heiður af. Það brást ekki að þegar lögfræðingar deildarinnar og annarra deilda, sem og ritara og aðrir starfsmenn ráðuneytisins þurftu að vita hvar eitthvað mál væri stadd, að þau gengu inn ganginn, litu til vinstri (og sáu mig á minni skrifstofu) og svo til hægri (þar sem KK laganeminn sat) og án þess að hika gengu þau inn á skrifstofu til KK laganemans og spurðu um hitt og þetta. Hann svaraði þeim alltaf og klóraði einhvern veginn í bakkann, og aldrei beindi hann þeim til mín til að fá svör. Eftir að starfsmaðurinn var farinn af skrifstofunni kom hann svo yfir til mín og spurði mig um málin sem ég svaraði og leiðbeindi honum í gegnum, þó ég hafi auðvitað ekki verið með mikla reynslu sjálf. Ég man hvað það var farið að sjóða í mér við lok starfsnámsins, og það var í raun ekkert við hann að sakast, heldur starfsmenn ráðuneytisins, sem augljóslega gerðu bara ráð fyrir að hann væri betri til svara en ég.

Í óteljandi skipti hef ég verið kölluð “vinan” og “elskan” á fundum, af karlmanns kollegum mínum, með yfirlætisfullu attitude-i og viðmóti. Yfirlætt læt ég það bara viðgangast og læt sem ekkert sé og reyni að halda mínu striki.

Einu sinni var sussað á mig á fundi. Mér brá svo mikið að ég varð kjafstopp, en sem betur fer tók samstarfskonan mín upp hanskann fyrir mig og setti hnefann í borðið (í orðsins fyllstu merkingu) og lagði línurnar fyrir viðkomandi, sem þó skammaðist sín nokkuð eftir það.

41. Ég var á málþingi lögmannafélagsins sem ungur héraðsdómslögmaður og þar voru margir eldri lögmennt sem höfðu mikinn áhuga á að spjalla við okkur ungu konurnar sem voru nýkomnar í stéttina. Þegar ég hafði orð á því að mig langaði til útlanda í framhaldsnám sagði einn við mig «hvers vegna í ósköpunum? Þú þarft að finna þér mann og menn vilja ekki að konurnar þeirra séu betur menntaðar»
42. Ég var á bar ásamt vinum þegar ég hitti dómara sem ég var málkunnug. Hann var nokkuð hress og vildi mikið spjalla, aðalega um málflutning í máli sem hann hafði séð og taldi mig hafa leyst vel úr hendi. Ég var nokkuð upp með mér yfir að dómari í svo hárrí stöðu hefði svona mikið álit á mér. Síðan fer ég á barinn til að sækja mér drykk og þá er allt í einu þessi dómari kominn fyrir aftan mig og búinn að setja hendur sínar á brjóst mér. Ég tæklaði þetta eins og ég hafði lært í gegnum tíðina, með því að hlæja og segja honum að láta brjóstin á mér vera. Síðar hefur leitað á mig spurningin, ef ég þarf að flytja mál fyrir þessum dómara, væri hann þá hugsanlega vanhæfur?
43. Þegar ég var í lagadeild þá bar mikið á því að sumir af prófessorunum héldu upp á suma karlnemendurna og fólu þeim alls kyns verkefni fyrir sig. Oftar en ekki vegna þess að sömu nemendur sóttu í að verða vinir prófessoranna. En við stelpurnar vissum að við gætum aldrei keppt við þá – því ef við færum að gera okkur jafnt dælt við einhverja kennara, þá myndu strax fara á kreik sögur um að við værum bara að sofa hjá þeim.

44. Ég hef í fjölmörg skipti verið áreitt kynferðislega og vegna kynferðis, bæði sem almennur starfsmaður og sem stjórnandi innan lögreglu og ákærvalds. Sú kynbundna áreitni sem hefur haft mestu áhrifin á mig innan lögreglu var af hálfu stjórnanda. Áreitnin var ítrekuð og fólst í því að gera lítið úr athugasemdum mínum á fundum, setja út á klæðaburð minn, mér var líkt við vændiskonu, hann vitnaði til þess að til væru dónapóstar um mig og fleira í þeim dúr. Það versta var að allir þessir atburðir gerðust í áheyrn annarra stjórnenda, oft á tíðum á fjölmönnum fundum og það án þess að nokkuð væri að gert, enginn sagði neitt og viðkomandi átti marga viðhlægjendur.
45. Þá hef ég líka þurft að þola kynferðislega áreitni af hálfu lögmanna sem hafa starfað sem verjendur í málum sem ég hef sótt. Áreitni eins lögmanns gekk svo langt að margir á vinnustaðnum vissu af því og var svo komið að samstarfsmenn gættu þess að gefa honum ekki samband við mig ef hann kom eða hringdi á skrifstofuna.